



886. fundur stjórnar GSÍ, 9. mars 2017 kl.17:00 haldinn í fundarsal GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Eggert Á. Sverrisson, Hansína Þorkeldsdóttir, Rósa Jónsdóttir, Gunnar K. Gunnarsson, Helgi Anton Eiríksson, Jón Júlíus Karlsson, Bergsteinn Hjörleifsson, Brynjar Eldon Geirsson ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.

2. STERF

Framkvæmdastjóri kynnti helstu atriði af fundi STERF sem haldinn var í Finnlandi fyrir skömmu en þar var lagt til að STERF myndi halda samskonar fund á Íslandi vorið 2018 og tók stjórn vel í það og vísaði málinu til umfjöllunnar í Umhverfis- og vallarnefnd GSÍ. Edwin Roald sem tók þátt í fundi STERF skilaði greinagóðri skýrslu til stjórnar GSÍ.

3. Reglugerðir

Forseti kynnti fyrir hönd laganefndar tillögur að breytingum á eftirfarandi reglugerðum. Breytingar á eftirfarandi reglugerðum voru lagðar fyrir fundinn Móta- og keppendareglur, Íslandsmót í golfi karla og kvenna, Íslandsmót í holukeppni, bílanotkun, Íslandsmót golfklúbba í unglingsflokki, aganefnd, almennar staðarreglur, almennir keppnisskilmálar og ný reglugerð um áskorendamótaröðina.

Sú breyting var gerð á öllum viðeigandi reglugerðum að tilgreining til holufjölda golfvalla, sem GSÍ mót eru haldin á, var afnuminn.

Að lokinni kynningu og umræðum voru allar breytingartillögur samþykktar af stjórn án frekari breytinga. Framkvæmdastjóra var falið í framhaldinu að senda reglugerðirnar til kynningar á golfklúbba landsins.

4. ÍSÍ þing, fulltrúar GSÍ

Forseti kynnti fyrir stjórn dagsetningu á 73. þingi ÍSÍ sem fram fer dagana 5.-6. maí næstkomandi ásamt dagskrá og endaði á því að tilnefna fulltrúa GSÍ fyrir þingið en þeir verða alls sjö talsins. Framkvæmdastjóra var falið að ljúka skráningu á þingfulltrúum GSÍ.

5. Afrekssjóður ÍSÍ, kynning

Forseti kynnti skýrslu starfsnefndar um afrekssjóð ÍSÍ um hvernig lagt er til að sjóðurinn verði skilgreindur og staðið verði að úthlutunum afreksstyrkja til sérsambanda innan ÍSÍ. Fundamenn höfðu fengið afrit af skýrslunni fyrir fundinn til yfirlstrar.

6. Deildir GSÍ

Rædd var staða allra deilda innan GSÍ en rædd voru sérstaklega mál sem snúa að LEK og GSFÍ hvað varðar framtíðarsýn þeirra innan hreyfingarinnar. Forseti sagði frá fundum sem fulltrúar stjórnar GSÍ hafa átt með LEK og GSFÍ frá síðasta stjórnarfundum.



7. Starfsnefndir GSÍ

Nú hafa alls níu starfsnefndir GSÍ hafið störf samkvæmt nýju skipulagi nefnda sem stjórn hafði áður samþykkt og gengur sú vinna vel. Nefndirnar eiga að efla það mikla starf sem sambandið stendur fyrir og vinna að markvissum þáttum sem hver nefnd hefur mótað sér stefnu með í takt við stefnu golfhreyfingarinnar 2013-2020. Brynjar Eldon Geirsson kynnti stjórn að starfsmönnum hefði verið kynnt vel þeir starfshættir sem nefndirnar temja sér.

8. GSÍ mót 2017, verðlaunaafhendingar

Forseti hvatti stjórnarmenn að taka að sér verðlaunaafhendingar á GSÍ mótum á árinu og hefur það skilað sér í því að flest mót eru nú mönnuð stjórnarmönnum og var framkvæmdastjóra falið að halda utan um skráningar þessu tengt.

9. Önnur mál

- Formaður IT nefndar sýndi nýtt útlit golf.is ásamt því að kynna fyrir fundarmönnum skoðanakönnun sem gerð var meðal kerfisstjóra í klúbbunum.
- Helgi Anton Eiríksson benti á þau jákvæðu áhrif sem afreksstarf hefði skilað íþróttinni og nefndi þá sérstaklega Ólafíu Þ. og Valdísi sem hafa vakið mikla athygli fyrir góðan árangur á erlendri grundu. Lagði hann áherslu á að nýta meðbyrinn vel á komandi ári.
- Næsti fundur var boðaður miðvikudaginn 12. apríl nk. kl.17:00 í fundarsal GSÍ.

Ekki voru fleiri málefni tekin fyrir og fundi slitið kl. 19:05